

ÆFING: PÓSTKORT FRÁ FRAMTÍÐINNI

ÆFINGING FJALLAR UM:

Að hver um sig orði framtíðaróskir sínar skriflega og hugleiði hvernig þeir geta fengið drauminn til að rætast.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Dreifið kartonum/pappír í póstkortastærð

Biddu þátttakendurna um að ímynda sér að þeir séu staddir í framtíðinni þar sem allt er eins og þeir vilja hafa það með tilliti til samstarfs við foreldra tvítyngdra barna. Þið eigið ekki að velta því fyrir ykkur hvort þetta sé raunhæft.

- Hugsið um hvernig þið sjáið umhverfið
- Skrifaðu póstkort og lýstu því sem þú sérð
- Setjist saman þrjú og þrjú og lesið póstkortin ykkar hvert fyrir annað

Gefið öllum tækifæri til að tala um hvernig framtíðadraumar ykkar geta orðið að veruleika.

Svarið því t.d.

- Hverjir eiga að taka þátt?
- Hvaða ný verkefni þarf að innleiða?